

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 300/1994.

Örvar Ingólfsson

gegn

Kristjáni R. Kristjánssyni

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 3. október 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð allt að 850.000 krónur. Að öðrum kosti verði málinu vísað frá Hæstarétti. Þá krefst hann málskostnaðar.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað.

Rök stefnda eru þau, að fram hafi farið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda og í framhaldi af því verið lögð fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi hans 19. júlí 1994. Hér sé um að ræða tilefnislausu eða að minnsta kosti tilefnislitla áfrýjun. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt og því haldið fram, að eignir áfrýjanda standi undir greiðslu málskostnaðar. Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar uppboðsverðs fasteignarinnar nr. 12 við Eiðismýri á Seltjarnarnesi 21. janúar 1994 kunni áfrýjandi að eiga inni greiðslu, að fjárhæð 914.906 krónur. Þá varði málið verulega hagsmuni áfrýjanda, og í héraði hafi hann gert gagnkröfu, að fjárhæð 2.180.207 krónur, vegna skuldabréfs, sem stefndi sé skuldari að, en héraðsdómari hafi ekki fallist á þá kröfu.

Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki leitt nægar líkur að því, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda, Kristjáns R. Kristjánssonar, um málskostnaðartryggingu er hafnað.